

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600Akureyri

Reykjavík, fimmtudagur, 14. júlí 2022  
UST202207-037/Þ.B.S.  
09.07.01

## **Umsókn um framkvæmdaleyfi - göngustígur og brú - Lambá Glerárdal**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Akureyrarbæjar, dagsett 4. júlí 2022, um framkvæmdaleyfi innan fólkvangsins Glerárdals.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 585/2016. Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf er óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

### **Lýsing verkefnis:**

Í þessum öðrum áfanga er sótt um annars vegar að gera stíg og hins vegar brúarsmíði.

**Stígur:** Sótt er um að gera stíg/slóða í breidd 0,8–1m og 10–15 cm dýpt og að setja salla í. Sallinn er í tveimur kornastærðum 0–8 mm og 8–11 mm og er grófara efnið notað þar sem jarðvegur er blautur. Jarðvegsdúkur er settur undir til að hindra að jarðvegur blandist við sallann og að sallinn sökkvi ekki í jörð. Í samráði við Ferðafélag Akureyrar (FFA) verður einnig notast við mýrarbrýr eins og félagið hefur þegar komið fyrir á nokkrum stöðum á leið inn í Lamba. Þar sem eru urð og melar verður aðeins grjóti rutt til í stígnum og hann stikaður. Allur uppgröftur verður notaður í frágang stígsins og umframefni notað þar sem leiðin er mjög rofin og fylla þarf í stór rofsár. Stefnt er að því að keyra efni (salla í tveimur stærðarflokkum) inn að stíflu þaðan sem styttra verður að ferja efnið með þyrlu, þaðan verður sallinn svo keyrður á vélhljólbörum í stíginn. Efnið verður flutt í 2 steypusílóum og verður um 500 kg í ferð, aðgengi fyrir þyrluna er gott á svæðinu.

**Brú:** Fyrirhugað er að brúin verði smíðuð úr timbri og verði 80 cm breið á milli handriða. Brúin verður því hvorki fyrir hesta né fjórhjól en reiðhjól komast yfir brúna, sem og auðvitað gangandi fólk. Til endanna verða timburkassar, allt að 200 cm á kant að grunnfleti og allt að 200 cm á hæð. Kassarnir verða fylltir af grjóti. Brúarhafið verður um 8-10 metrar milli timburkassanna og tveir sverir raflínustaurar eru undirstaðan í brúargólfinu. Ofan á þá verður neglt dekk og handrið til hliðanna. Ferðafélag Akureyrar mun annast smíði brúarinnar.

Framkvæmdirnar eru í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir sveitarfélags og hefur sveitarfélagið veitt leyfi fyrir verkefninu. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 1-5 manns. Þau vélknúnu tæki sem notuð verða eru grafa og vélhljólbörur við stígagerðina.

Gert er ráð fyrir efnisflutningum með þyrlu á fyrirfram ákveðna staði frá virkjun Fallorku. Ekki er talið þörf á að fara út fyrir göngustígi eða vegi. Minniháttar rask verður á gróðri við stíga/slóða en allt efni og staðargróður verður nýtt aftur. Mótvægisáðgerðirnar snúa að því að nýta allan staðargróður aftur.

**Áhrifamat:**

Framkvæmdin er ekki talin hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, líffræðilega fjölbreytni þess eða fjölbreytileika jarðmyndana. Hún er til þess fallin að auka öryggi gesta og bæta innviði og þannig tryggir hún markmið friðlýsingarinnar um aukið aðgengi gesta.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Akureyrarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan Glerárdals innan þess tímaramma sem gefinn er upp í umsókn sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Mikilvægt er að ganga vel frá köntum á stígum og gæta þess að breidd þeirra verði ekki meiri en í fyrra leyfi.
- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan á verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og hvenær því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Tryggja skal að ekki verði skilið eftir rusl.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri

Pórdís Björt Sigþórsdóttir  
teymisstjóri